

Nr. 18-175 S 118 Sindri VE 60***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m
Breidd: 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. maí 2018 var Sindri VE 60 á togveiðum á Hryggnum. Veður: SV 6 m/sek.

Skipverjar voru að taka saman gamla grandara og rúlla þeim upp til að koma þeim í land til förgunar. Við það stakkst gaddur úr einum vírnum í hægri hendi eins skipverjans.

Við rannsókn kom fram:

- að snúningur kom á vírinn þegar hann var dreginn eftir þilfarinu og skipverjinn skarst þegar hann var að snúa ofan af honum;
- að skipverjinn var með vettlinga sem gaddurinn fór í gegnum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.